


## Leðurblakan í Laugardal

Síðustu daga hefur verið mikið rætt um leðurblökur eða öllu heldur eina slíka sem sást á flugi í Laugardalnum og var síðar handsömuð af dýraeftirlitsmönnum.

Íslenska orðið *leðurblaka* er skemmtilegt orð og lýsandi fyrir þessi fljúgandi spendýr. Þetta er samsett orð þar sem fyrri liðurinn *leður-* vísar væntanlega til vængja leðurblöku sem eru hárlausir og þaktir eins konar leðurhúð. Seinni liðurinn *-blaka* tengist því hvernig þær hreyfa vængina þegar þær flögra um. Þótt dýrið sé ekki landlægt virðist orðið *leðurblaka* eiga sér djúpar rætur í íslensku en það kemur fyrst fyrir í miðaldaheimildum. Elsta þekkta dæmið er í handritinu AM 226 fol. sem oft er kallað *Stjórn* og er frá 14. öld. Í þessu handriti er að finna Alexanders sögu sem er þýdd og unnin úr latnesku kvæði. Þar er rætt um leðurblökur í tengslum við ýmsar aðrar furðuskepnur eða eins og segir í textanum:

Þá komu villigeltir einkar stórir með freyðanda munni og með þeim flekkóttar steingeitur og hræðilegar gaupur nýbúnar til orrustu, og **leðurblökur** líkar dúfum að vexti, svo margt að þær féllu á andlit og augu og háls mönnum. Þær höfðu tenn svo stórar að þær skemmdu skotvopn manna.



Mynd: Orðmyndin *leðurblökur* eins og hún birtist í miðaldahandritinu *Stjórn*.

Þessar leðurblökur í Alexanders sögu virðast því meiri óargadýr en þetta litla grey sem flögraði um Laugardalinn í vikunni.

Þótt orðið *leðurblaka* finnist í miðaldaritum ber ekki mikið á því aftur fyrr en á 19. öld. Á öldunum þar á milli eru heimildir um að ýmis önnur heiti hafi verið viðhöfð um þessar vængjuðu skepnur sem benda til að þær hafi verið álitnar einhvers konar fljúgandi mýs, samanber orðið *flæðarmús* sem sést í heimildum frá 16. öld og afbrigði þess *flæðurmús* sem þekkist frá 17. öld. Þessi orð eru líklegast gömul tökuorð ættuð úr miðlágþýsku *vledermaus* (eiginlega 'flögrandi mús'). Einnig eru heimildir um annað svipað orð, eða *flugmús*, allt frá 18. öld sem á sér samsvörun í orðinu *flogmús* sem er notað í færeysku um þessi flugelsku kvikindi. Í nágrennamálum má nefna *flagermus* á dönsku, *fladdermus* á sænsku og *flaggermus* á norsku sem eru svipuð samsett orð yfir flögrandi mýs. Norska á reyndar nokkur önnur orð yfir þetta dýr sem eru myндуð á annan hátt eins og *kveldskingle* ('kvöldflögrari') og *skinnvengje* ('skinnvængja').

Íslenska orðið *leðurblaka* er því eilítið annars konar en það sem helst sést í skyldum málum þar sem talað er um *leður* frekar en *flug* eða *flögr* og *blöku* frekar en *mús*. Leðurblökur eru sniðugar skepnur og gaman að til skuli vera þetta skemmtilega orð yfir þær þótt þær hafi hingað til ekki talist til fánu Íslands.

## Heimildir

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Finnur Jónsson. 1925. *Alexanders saga*. København: Gyldendal.

<https://handrit.is/manuscript/view/da/AM02-0226/259#page/130v/mode/2up>

## Mynd

Ishan @seefromthesky. Unsplash.